

VINNUMARKAÐURINN Á ÍSLANDI

Yfirlit, horfur og þjónusta Vinnumálastofnunar – febrúar 2025

Skráð atvinnuleysi í febrúar var 4,3%

Skráð atvinnuleysi í febrúar var 4,3% og hækkaði úr 4,2% frá janúar. Í febrúar 2024 var atvinnuleysið hins vegar 3,9%.

Að meðaltali voru 8.732 atvinnulausir í febrúar, 5.132 karlar og 3.600 konur. Að meðaltali fjölgaði atvinnulausum um 169 frá janúar.

Atvinnuleysi var mest á Suðurnesjum í febrúar eða 7,8% og hækkaði úr 7,7% frá janúar.

Minnst var atvinnuleysið á Norðurlandi vestra eða 1,3%.

Alls komu inn 275 ný störf sem auglýst voru í vinnumiðlun hjá Vinnumálastofnun í febrúar.


Atvinnulausir voru 9.081 í lok febrúar, 5.272 karlar og 3.809 konur.

Í febrúar 2025 gaf Vinnumálastofnun út 228 atvinnuleyfi til erlendra ríkisborgara til að starfa hér á landi, þar af 190 á höfuðborgarsvæðinu.

Í febrúar voru 209 einstaklingar á ráðningarstyrk innan fyrirtækja eða stofnana og 13 einstaklingar voru á nýsköpunarstyrk.

Vinnumálastofnun spáir því að atvinnuleysi breytist lítið í mars og verði á bilinu 4,2% til 4,3%.

Þróun atvinnuleysis frá febrúar 2023 til febrúar 2025




Atvinnuástand eftir landshlutum

Atvinnuleysi hækkaði á nokkrum stöðum á landinu frá janúar, mest þó á Vestfjörðum þar sem það fór úr 2,4% í 2,8%. Atvinnuleysi lækkaði á þremur svæðum á landinu en mest var lækkunin á Vesturlandi þar sem atvinnuleysi fór úr 3,5% í 3,3%. Atvinnuleysi var 4,1% á landsbyggðinni í febrúar og stóð í stað frá janúar.

Minnst var atvinnuleysið á Norðurlandi vestra eða 1,3% og 2,3% á Austurlandi.

Á meðfylgjandi mynd má sjá atvinnuleysi eftir landshlutum í janúar og febrúar.


Atvinnuleysi eftir landshlutum



Atvinnuleysi var lægra meðal karla en kvenna á einu svæði á landinu í febrúar, það er á Suðurlandi þar sem atvinnuleysi karla var 3,6% en atvinnuleysi kvenna 3,9%. Mestur var munurinn á atvinnuleysinu á Suðurnesjum þar sem atvinnuleysi karla var 8,1% en atvinnuleysi kvenna 7,4%, á höfuðborgarsvæðinu þar sem atvinnuleysi karla var 4,7% en atvinnuleysi kvenna 4,0% og á Austurlandi þar sem atvinnuleysi karla var 2,6% en atvinnuleysi kvenna 1,9%.

Á meðfylgjandi mynd má sjá atvinnuleysi eftir kyni og landshlutum í febrúar.

Atvinnuleysi eftir kyni og landshlutum



Greining atvinnuleysis

Atvinnulausir í lok mánaðar

Atvinnulausir voru 9.081 í lok febrúar, 5.272 karlar og 3.809 konur. Fjölgaði atvinnulausum körlum um 61 frá janúarlokum en atvinnulausum konum fækkaði um 30.

Alls voru 986 atvinnuleitendur á aldrinum 18-24 ára án atvinnu í lok febrúar og fjölgaði um 30 frá janúar.


Alls höfðu 1.538 atvinnuleitendur verið án atvinnu í meira en 12 mánuði í lok febrúar og fjölgaði um 66 frá janúar. Í febrúar 2024 var fjöldi þeirra hins vegar 1.242 og nemur fjölgunin 296 á milli ára.

Þeir sem höfðu verið atvinnulausir í 6-12 mánuði voru hins vegar 1.813 í febrúar síðastliðnum en voru 1.653 í febrúar 2024.

Atvinnugreinar


Atvinnulausum fjölgaði í nokkrum atvinnugreinum í febrúar. Mest var fjölgunin í verslun og vöruflutningum þar sem fjölgaði um 62. Atvinnulausum fækkaði líka í nokkrum atvinnugreinum en mest þó í gistiþjónustu.

Atvinnulausir eftir atvinnugreinum



Flestir atvinnuleitendur með erlendan ríkisborgararétt komu frá Póllandi eða 2.155 sem er um 41% allra erlendra ríkisborgara á atvinnuleysissskrá. Því næst koma atvinnuleitendur frá Litáen, Úkraínu og Rúmeníu.

Fjöldi atvinnulausra erlendra ríkisborgara eftir þjóðerni í lok febrúar2025



Atvinnuleyfi

Atvinnuleyfi


Í febrúar 2025 gaf Vinnumálastofnun út 228 atvinnuleyfi til erlendra ríkisborgara til að starfa hér á landi, þar af 190 á höfuðborgarsvæðinu. Af útgefnum leyfum voru 106 leyfi til nýrra erlendra ríkisborgara á íslenskum vinnumarkaði og 122 leyfi voru framlengd.

Flestir sem fengu útgefið atvinnuleyfi í febrúar, hvort sem það var nýtt eða framlengt, fengu námsmannaleyfi eða 69 leyfi. Þá voru gefin út 59 leyfi vegna sérfræðiþekkingar og 41 leyfi vegna fjölskyldusameiningar. Þegar atvinnuleyfi eru skoðuð eftir starfsgreinum í febrúar voru flest leyfi gefin út vegna starfa stjórnenda, sérfræðinga og sérmenntaðra eða 42%, 28% vegna þjónustustarfa og 15% vegna starfa verkafólks. Um 15% var í öðrum starfsgreinum.


Atvinnulausir erlendir ríkisborgarar

Alls voru 5.193 erlendir atvinnuleitendur án atvinnu í lok febrúar og fjölgaði um fimm frá janúar. Hlutfall erlendra ríkisborgara á atvinnuleysissskrá var 57% í lok febrúar.

Erlendir ríkisborgarar á atvinnuleysissskrá, þróun síðustu 2 ár



Ný atvinnuleyfi eftir tegund í febrúar 2025




Atvinnuleit og vinnumiðlun

Flutningur atvinnuleysis-tryggingaréttinda milli Íslands og EES-ríkja

Atvinnuleitendur á Íslandi hafa þann möguleika að geta farið í atvinnuleit innan annars EES-ríkis, í allt að þrjú mánuði og halda atvinnuleysisbótum sínum, fái þeir útgefið svokallað U2 vottorð sem Vinnumálastofnun hefur umsýslu með. Í febrúar voru gefin út 120 vottorð til einstaklinga sem fóru í atvinnuleit til Evrópu. Flestir fóru í atvinnuleit til Póllands eða 72 einstaklingar, 11 fóru til Spánar og sjö fóru til Tékklands. Þá voru gefin út 30 vottorð til viðbótar til 11 annarra ríkja.

Útgefin U2 vottorð vegna atvinnuleitar í öðru EES ríki, febrúar 2025




Vinnumiðlun

Auglýst störf í vinnumiðlun

Alls komu inn 275 ný störf sem auglýst voru í vinnumiðlun hjá Vinnumálastofnun í febrúar. Flest auglýstra starfa voru vegna ráðningarstyrkja eða um 180 störf, önnur eru almenn störf eða Eures störf. Um það bil 42% starfanna eru á höfuðborgarsvæðinu, 19% á Suðurlandi og 16% á Suðnesjum. Þá eru 22% annars staðar á landinu.

Fjöldi auglýstra starfa eftir landshlutum í febrúar 2025



Þátttaka í vinnumarkaðsúræðum

Atvinnuleitendum stendur til boða að taka þátt í vinnumarkaðsaðgerðum og fara af skrá í allt að sex mánuði á ráðningu með styrk. Í febrúar voru 209 einstaklingar á ráðningarstyrk innan fyrirtækja eða stofnana og 13 einstaklingar voru á nýsköpunarstyrk, flestir á höfuðborgarsvæðinu eða 159 einstaklingar.

Ítarlegri upplýsingar um atvinnuleysi og þróun þess má finna á vefsíðu okkar:

Mælaborðið sýnir atvinnuleysistödlur út frá ýmsum þáttum 5 ár aftur í tímann, þar sem sjá má á myndrænan hátt samanburð eftir bakgrunni s.s. kyni, aldri og sveitarfélögum.